

AUGLÝSING

148

28. júlí

um breyting á bráðabirgðareglugerð, nr. 93 13. júní 1946, um frjálst mat á ýmsum tegundum salt-, sykur- og kryddsíldar.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til að standast kostnað við matið skal greiða kr. 1.00 — eina krónu — af hverri útflutningsmetinni tunnu.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938, sbr. bráðabirgðalög nr. 49 20. júlí 1953, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 28. júlí 1953.

Ólafur Thors.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Fegrunarsjóð Vatnsfjarðarkirkju í Reykjarfjarðarhreppi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. ágúst 1953. 149 4. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fegrunarsjóð Vatnsfjarðarkirkju í Reykjarfjarðarhreppi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélaginu Sunnu í Reykjarfjarðarhreppi með dánargjöf Þórdísar Guðmundsdóttur og Halldórs Sigurðssonar frá Hörgshlíð, er því barst, svo og framlagi frá félaginu. Stofnfé hans er að upphæð kr. 1107.94.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eða kosta á annan hátt hvers konar fegrun Vatnsfjarðarkirkju að innan, hvað helzt er munum, áhöldum, búnaði eða lýsingu kirkjunnar og kirkjuhúsins sjálfu má til þrýðis verða.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 konur, og er prestsfrúin í Vatnsfirði sjálfkjörin, en kvenfélagið kys 2 konur á aðalfundi sínum eða öðrum lögmætum félagsfundi, til eins árs í senn. Gerðabók skal sjóðstjórnin halda og í hana skrá fundargerðir og reikninga sjóðsins árlega.

4. gr.

Auka má sjóðinn með hvers konar gjöfum og áheitum, er honum kann að berast, svo og með framlögum, er kvenfélagið eða aðrir leggja honum til.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en þegar sjóðurinn er orðinn kr. 5000.00 má verja $\frac{3}{4}$ hlutum vaxta hans samkv. 2. gr., en $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna skal jafnan

149 leggja við höfuðstólinn, unz sjóðurinn nær að verða kr. 20000.00. Þá má verja öllum 4. ágúst vöxtum hans samkvæmt tilgangi hans. Nú er eitthvert ár ekki varið þeim hluta vaxtanna, sem heimilt er, og er stjórn sjóðsins þá heimilt að verja síðar samanlögðum $\frac{3}{4}$ vaxtahlutum í sama skyni, þótt ekki séu út teknir árlega, t. d. þegar um kostnaðarsamar framkvæmdir er að ræða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé hans á sem tryggastan hátt annað hvort í Landsbanka Íslands eða annarri þeirri lánsstofnun, er hefur ríkisábyrgð. Kaupa skal ríkis tryggð verðbréf fyrir sjóðinn, ef það þykir hagkvæmt. Reikningur sjóðsins skal gerður árlega, og skal hann endurskoðaður af sóknarprestinum í Vatnsfjarðarsókn. Skal jafnan leita álits hans um framkvæmdir þær, er gerðar verða samkvæmt tilgangi sjóðsins.

7. gr.

Hætti kvenfélagið störfum eða það leysist upp, skal umráð og gæzla sjóðsins falla undir verkvið sóknarnefndar Vatnsfjarðarsóknar, er þá einnig annast framkvæmdir samkvæmt skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í stjórn Kvenfélagsins Sunnu í Reykjarfjarðarhreppi,

Vatnsfirði, í júní 1953.

Rannveig Kristjáns,
gjaldkeri.

Ragnheiður Hákonardóttir,
formaður.

Dagb. Kristjánsdóttir,
ritari.

150

18. ágúst

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir heimæðar hitaveitu Reykjavíkur,
nr. 173 1. september 1943.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera kr. 50.00 — fimmtíu krónur — fyrir hverja 10 rúmmetra af upphituðu rúmmáli húsa samkvæmt utanmáli án frádráttar vegna súðar.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, um hitaveitu Reykjavíkur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1953.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.